

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1992/2006

2010/EES/32/12

frá 18. desember 2006

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja (\*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

sjúkratryggingakerfinu, gildi afturvirkir frá og með 1. janúar 2006.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. gr. og 308. gr.,

- 4) Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum en þeim sem um getur í 308. gr. til að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði almannatrygginga fyrir aðra en launþega.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

1. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að aðlaga vissa viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 svo hægt sé að taka tillit til breytinga á löggjöf tiltekinnar aðildarríkja.
- 2) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1408/71 til samræmis við það.
- 3) Til að tryggja að grundvallarendurbætur á hollenska sjúkratryggingakerfinu, sem gilda frá og með 1. janúar 2006, endurspeglar á réttan hátt í evrópsku samræmingarákvæðunum frá og með gildistökudeginum og hafi þannig í för með sér réttaröryggi varðandi samræmingu á sjúkrabótum, er nauðsynlegt að kveða á um að breytingarnar á I. og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71, sem tengjast endurbótum á hollenska

Ákvæðum I. viðauka, II. viðauka, II. viðauka a, IV. viðauka og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 skal breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 392, 30.12.2006, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 8.5.2008, bls. 20.

<sup>(1)</sup> Álit frá 13. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 14. nóvember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 18. desember 2006.

Ákvæði b-liðar 1. liðar og b-liðar 6. liðar viðaukans, sem varða Holland, gilda frá og með 1. janúar 2006, að undanskildum liðnum „Q. HOLLAND“, f-liður 1. liðar, sjötti undirliður VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71, eins og þeim er bætt við með b-lið 6. liðar viðaukans við þessa reglugerð, gilda frá dagsetningunni sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 18. desember 2006.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BORRELL FONTELLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

J.-E. ENESTAM

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

## 1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „X. SVÍÐJÓÐ“ í I. hluta:

„X. SVÍÐJÓÐ

Einstaklingar, sem hafa tekjur af starfsemi og greiða eigin framlög af þessum tekjum í samræmi við 3. mgr. 3. kafla laga um framlög til félagslegra trygginga (2000:980), teljast sjálfstætt starfandi.“

- b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „Q. HOLLAND“ í II. hluta:

„Q. HOLLAND

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar skv. 1. og 4. kafla III. bóls í þessari reglugerð merkir „aðstandandi“ maki, skráður sambýlismaki eða barn yngra en 18 ára.“

## 2. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „R. AUSTURRÍKI“ í III. hluta II. viðauka:

„R. AUSTURRÍKI

Engar.“

## 3. Ákvæðum II. viðauka a er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „M. LITHÁEN“:

„M. LITHÁEN

- a) Félagslegur lífeyrir (5. gr. laga frá 2005 um félagslegar greiðslur frá ríkinu).

- b) Sérstakar aðstoðarbætur (15. gr. laga frá 2005 um félagslegar greiðslur frá ríkinu).

- c) Sérstakar bætur vegna flutnings fatlaðra sem eiga erfitt með að hreyfa sig (7. gr. laga frá 2000 um flutningsbætur).“

- b) Eftirfarandi stakur liður bætist við í þættinum „V. SLÓVAKÍA“ og núverandi liður verði a-liður:

„b) Félagslegur lífeyrir sem er veittur fyrir 1. janúar 2004.“

## 4. Í A-hluta III. viðauka falli 187. liður brott.

## 5. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „V. SLÓVAKÍA“ í A-hluta:

„V. SLÓVAKÍA

Örorkulífeyrir fyrir einstakling, sem varð fatlaður sem barn og hefur alltaf verið talinn hafa lokið tryggingatímabilinu sem krafist er (70. gr. (2. mgr.) 72. gr. (3. mgr.) og 73. gr. (3. og 4. mgr.) laga nr. 461/2003 um félagslegar tryggingar, með áorðnum breytingum).“

- b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „G. SPÁNN“:

„G. SPÁNN

Reglur um lækkan starfslokaaldurs sjálfstætt starfandi einstaklinga sem stunda sjómennsku sem frá er greint í konungsráðgjafi nr. 2390/2004 frá 30. desember 2004.“

c) Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „V. SLÓVAKÍA“:

„V. SLÓVAKÍA

Eftirlífendalífeyrir (ekkna-, ekkla- og munaðarleysingjalífeyrir) en upphæð þeirra byggist á ellilífeyri, ellilífeyri áður en látið er af störfum eða örorkulífeyri sem hinn látni fékk áður greiddan.“

ii. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „X. SVÍÐJÓÐ“:

„X. SVÍÐJÓÐ

Tekjutengdur ellilífeyrir (lög 1998:674) og lágmarkslífeyrir í formi ellilífeyris (lög 1998:702).“

d) Ákvæðum D-hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað i-liðar 1. liðar:

„i. Sænski lágmarkslífeyririnn og lágmarksbæturnar, sem koma í stað fulls lífeyris frá sænska ríkinu sem kveðið var á um samkvæmt löggjöf um lífeyri frá ríkinu sem var í gildi fyrir 1. janúar 1993, fullur lífeyrir frá ríkinu sem var veittur samkvæmt bráðabirgðareglum löggjafarinnar sem gilda frá þeim degi og sænskar tekjutengdar sjúkrabætur og ástundunargreiðslur.“

ii. Eftirfarandi komi í stað i-liðar 2. liðar:

„i. Sænskar sjúkrabætur og ástundunargreiðslur í formi lágmarksbóta (lög 1962:381, eins og þeim var breytt með lögum 2001:489), eftirlífendalífeyrir, eins og hann er reiknaður á grundvelli viðurkenndra tímabila (lög 2000:461 og 2000:462) og sænskur ellilífeyrir í formi lágmarkslífeyris sem er reiknaður út á grundvelli tímabila sem hafa þegar verið færð til tekna (lög 1998:702).“

iii. Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

— Eftirfarandi komi í stað a-liðar 3. liðar:

„a) Samningur Norðurlandanna frá 18. ágúst 2003 um félagslegt öryggi.“

— Eftirfarandi liður bætist við:

„c) Samningur frá 10. nóvember 2000 milli Lýðveldisins Finnlands og Stórhertogadæmisins Lúxemborgar um félagslegt öryggi.“

6. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „E. EISTLAND“:

„E. EISTLAND

Við útreikninga á foreldrabótum skulu starfstímabil í aðildarríkjum öðrum en Eistlandi talin byggja á sömu meðalupphæð tryggingagjalda og var greidd á starfstímabilum í Eistlandi sem þeim er bætt við. Ef einstaklingurinn hefur aðeins verið í starfi í öðrum aðildarríkjum á viðmiðunarárinu skal útreikningur bótanna teljast byggja á meðalupphæð tryggingargjalds sem greidd er í Eistlandi milli viðmiðunarársins og fæðingarorlofsins.“

b) Eftirfarandi komi í stað 1. liðar í þættinum „Q. HOLLAND“:

„1. Sjúkratryggingar

- a) Hvað varðar rétt á aðstoð samkvæmt hollenskum lögum merkir hugtakið einstaklingar sem eiga rétt á aðstoð að því er varðar framkvæmd 1. og 4. kafla III. bóls í þessari reglugerð:
- i. einstaklingar sem ber, skv. 2. gr. Zorgverzekeringwet (sjúkratryggingalaga), skylda til að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi
- og
- ii. einstaklingar sem eru búsettir í öðru aðildarríki, svo framarlega sem þeir falla ekki þegar undir i. lið, og eiga, samkvæmt þessari reglugerð, rétt á heilbrigðisþjónustu í búseturíkinu á kostnað Hollands.
- b) Einstaklingarnir, sem um getur í a-lið i. liðar, verða, í samræmi við ákvæði Zorgverzekeringwet (sjúkratryggingalaga), að kaupa sér tryggingu hjá sjúkratryggingafélagi og einstaklingarnir, sem um getur í a-lið ii. liðar, verða að skrá sig hjá College voor zorgverzekering (sjúkratryggingaráði).
- c) Ákvæði Zorgverzekeringwet (sjúkratryggingalaga) og Algemene wet bijzondere ziektekosten (laga um almenna tryggingu vegna sérstakra læknisútgjalda) um ábyrgð vegna greiðslu iðgjalda gilda um þá einstaklinga sem um getur í a-lið og aðstandendur þeirra. Iðgjöld vegna aðstandenda skulu lögð á þann einstakling sem réttur til heilbrigðisþjónustu er leiddur frá.
- d) Ákvæði Zorgverzekeringwet (sjúkratryggingalaga) um síðbúnar tryggingar gilda, að breyttu breytanda, ef um er að ræða síðbúna skráningu hjá College voor zorgverzekering (sjúkratryggingaráði) að því er varðar einstaklinga sem um getur í a-lið ii. liðar.
- e) Einstaklingar, sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt löggjöf aðildarríkis annars en Hollands, sem setjast að í Hollandi eða dvelja tímabundið í Hollandi, skulu eiga rétt á aðstoð í samræmi við þá skilmála sem stofnanir á búsetu- eða dvalarstað bjóða tryggðum einstaklingum í Hollandi, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 19. gr. Zorgverzekeringwet (sjúkratryggingalaga), sem og rétt á aðstoð sem kveðið er á um í Algemene wet bijzondere ziektekosten (lögum um almenna tryggingu vegna sérstakra læknisútgjalda).
- f) Að því er varðar 27.34. gr. þessarar reglugerðar skal lífeyrir teljast lífeyrir sem greiða ber samkvæmt ákvæðum í b-lið (örorka) og c-lið (elli) yfirlýsingar Konungsríkisins Hollands, eins og kveðið er á um í 5. gr. þessar reglugerðar:
- lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. janúar 1966 um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn og eftirlifendur þeirra (Algemene burgerlijke pensioenwet) (lög um lífeyri fyrir opinbera starfsmenn í Hollandi),
  - lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 6. október 1966 um lífeyri fyrir hermenn og eftirlifendur þeirra (Algemene militaire pensioenwet) (lög um lífeyri fyrir hermenn),
  - lífeyrir sem úthlutað er samkvæmt lögum frá 15. febrúar 1967 um lífeyri fyrir starfsfólk hollenska járnbrautafélagsins (NV Nederlandse Spoorwegen) og eftirlifendur þeirra (Spoorwegpensioenwet) (lög um lífeyri járnbrautarstarfsmanna),
  - lífeyrir sem er úthlutað samkvæmt reglugerð um ráðningarkjör hjá hollenska járnbrautafélaginu (Dienstvoorwaarden Nederlandse Spoorwegen),
  - bætur sem eru veittar einstaklingum á eftirlaunum fyrir 65 ára eftirlaunaaldur samkvæmt lífeyriskerfi en tilgangur þess er að veita fyrrum launþegum tekjur á elliárum eða bætur sem eru veittar einstaklingum sem hverfa of snemma af vinnumarkaði, samkvæmt kerfi sem ríkið kemur á fót eða kjarasamningum fyrir einstaklinga sem eru 55 ára og eldri,
  - bætur sem er úthlutað hermönnum og opinberum starfsmönnum samkvæmt kerfi sem gilda ef um er að ræða uppsögn, jafngreiðslulífeyri og snemmtekin eftirlaun.
- g) Að því er varðar 1. og 4. kafla III. bóls í þessari reglugerð teljast bæturnar, sem einstaklingur getur fengið samkvæmt hollensku kerfi, þegar um er að ræða takmarkaða notkun á heilbrigðiskerfinu, sjúkrabætur í peningum.“

c) Eftirfarandi komi í stað 1. og 2. liðar í þættinum „W. FINNLAND“:

„1. Við beitingu a-liðar 2. mgr. 46. gr. að því er varðar útreikninga á tekjum á tímabilum sem eru færð til tekna samkvæmt finnskri löggjöf um tekjutengdan lífeyri, þegar einstaklingur hefur lokið lífeyristryggingatímabilum, sem byggja á atvinnu í öðru aðildarríki fyrir hluta

viðmiðunartímabilsins samkvæmt finnskri löggjöf, skulu tekjur á því tímabili, sem er fært til tekna, vera jafnar heildarfjárhæð tekna sem aflað var á viðmiðunartímabilinu í Finnlandi, deilt með fjölda mánaða tryggingartímabila í Finnlandi á viðmiðunartímabilinu.“

3., 4. og 5. liður skulu endurtölusetir sem 2., 3. og 4. liður.

d) Þættinum „X. SVÍÐJÓÐ“ er breytt sem hér segir:

i. Ákvæði 1. liðar falli brott.

ii. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar:

„1. Ákvæði þessarar reglugerðar um söfnun trygginga- eða búsetutímabila gilda ekki um bráðabirgðaákvæðin í sænskri löggjöf um rétt til lágmarkslífeyris fyrir einstaklinga sem eru fæddir 1937 eða fyrr og hafa verið búsettir í Svíþjóð í tilgreindan tíma áður en þeir sækja um lífeyri (lög 2000:798).“

iii. Eftirfarandi komi í stað 3. liðar:

„2. Að því er varðar útreikninga á grunntekjum fyrir tekjutengdar sjúkrabætur og ástundunar-greiðslur í samræmi við 8. kafla Lag (1962:381) om allmän försäkring (laga um almannatryggingar) gildir eftirfarandi:

a) ef hinn tryggði hefur, á viðmiðunartímabilinu, einnig fallið undir löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja vegna starfs sem launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur skulu tekjur í hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum teljast vera jafngildar meðalbrúttótekjum hins tryggða í Svíþjóð á hluta viðmiðunartímabilsins í Svíþjóð, reiknað út með því að deila tekjum í Svíþjóð með þeim fjölda ára þegar þessara tekna var aflað,

b) ef bætur er reiknaðar út í samræmi við 40. gr. þessarar reglugerðar og einstaklingar eru ekki tryggðir í Svíþjóð skal viðmiðunartímabilið ákvarðað í samræmi við 2. og 8. lið 8. kafla í framangreindum lögum, eins og hlutaðeigandi einstaklingur væri tryggður í Svíþjóð. Hafi hlutaðeigandi einstaklingur ekki lífeyrisskapandi tekjur á þessu tímabili samkvæmt lögum um tekjutengdan ellilífeyri (1998:674) má viðmiðunartímabilið miðast við fyrri tímamark þegar hinn tryggði einstaklingur hafði tekjur af starfsemi í Svíþjóð.“

iv. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar:

„3. a) Réttur til eftirlífendalífeyris í samræmi við sænska löggjöf er háður því að hinn látni hafi verið tryggður í þrjú ár af næstliðnum fimm almanaksárum fyrir andlátíð (viðmiðunartímabilið); ef þessi krafa er ekki uppfyllt er við útreikning á áætlaðri lífeyriseign vegna tekjutengds eftirlífendalífeyris tekið tillit til tryggingatímabila sem var lokið í öðru aðildarríki eins og þeim hefði verið lokið í Svíþjóð. Tryggingatímabil, sem er lokið í öðrum aðildarríkjum, skulu talin byggja á meðaltali þeirra tekna í Svíþjóð sem veita rétt til lífeyris. Ef hlutaðeigandi einstaklingur hefur aðeins lokið einu ári í Svíþjóð, sem veitir rétt til lífeyris, skal reikna öll tryggingatímabil í öðrum aðildarríkjum með sömu fjárhæð.

b) Réttur til ekknalífeyris í samræmi við sænska löggjöf er háður því að lífeyrisstigum hafi verið safnað í tvö af næstliðnum fjórum árum fyrir andlát hins tryggða (viðmiðunartímabil); ef ekki er farið að þessari kröfu og hafi hinn tryggði lokið tryggingatímabilum í öðru aðildarríki á viðmiðunartímabilinu skal litið svo á, við útreikning á áætluðum lífeyrisstigum, sem veita rétt til ekknalífeyris við andlát eftir 1. janúar 2003, að þessi ár byggja á sama fjölda lífeyrisstiga og þau ár sem er lokið í Svíþjóð.“